



263. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 25. nóvember 2010 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Helga Guðmundsdóttir varamaður, HG
Egill Egilsson, EE
Elín G. Pálsdóttir varamaður, EGP
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

- 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 466 dags. 11.11.2010.
Fundargerð framlögð.

Liður 2 fundargerð Þjónustuhóps aldraðra, dags 07.10.2010 (71. fundur).
Fundargerð framlögð.

**Samþykkt að íprótta- og tómstundafulltrúi Stykkishólms að vinna að gerð
upplýsingabæklingi um félagsstarf í Stykkishólmi.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Samstarf bæjarins og kirkjunnar.

Tillaga: Þjónustuhópur aldraðra leggur til að íprótta og tómstundafulltrúa Stykkishólmsbæjar verði falið að koma á auknu samstarfi á milli kirkju og eldri borgara. Margvíslegt starf kæmi til greina. Í kirkjunni væri til dæmis hægt að hafa stundu með prestinum og bjóða svo upp á súpu í safnaðarheimilinu. Þarna gæti ef til vill komist á samstarf við skólana, íprótta og tómstundafulltrúi komi að þessari vinnu.

**Samþykkt að íprótta- og tómstundafulltrúi Stykkishólms verði falið að
koma á auknu samstarfi á milli kirkju og eldri borgara.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Samþykkt að kynna þjónustu Dvalarheimilis fyrir eldri borgurum
Stykkishólmsbæjar.**



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 6 fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags 18.10.2010 (132. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Þinghúshöfði, deiliskipulag.

Lögð fram að nýju deiliskipulagstillaga af Þinghúshöfða mótt. 15.10. 2010.

Farið yfir tillögur frá deiliskipulagshöfundum og byggingarfulltrúa falið að koma athugasemdum til deiliskipulagshöfunda.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Reitarvegur 5, breytingar úti og inni.

Sigurður Ág. Kristjánsson og Kristján Sigurðsson sækja um að fjölga hurðum og gluggum og hliðum hússins og hólfa byggingu í 3 einingar, sbr. teikningar frá Sigurði Ág. Kristjánssyni dags 17.09.2010.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Silfurgata 36, gróðurhús.

Sesselja Pálsdóttir sækir um að staðsetja gróðurhús á lóðinni vestan við húsið, sbr. umsókn dags 14.10.2010.

Erindi samþykkt.

Þorbergur vék af fundi við lið nr. 3.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: HG,GS,LÁH og GDP

Liður 4 Höfðagata 11, breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði (gistiskála).

F.h. Gistivers ehf/ sækir Birna E. Sigurðardóttir um að breyta einbýlishúsi að Höfðagötu 11 í gistiskála sbr. umsókn dags 14.07. '10. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa höfðagötu 9, 9a, 13, 15 og nr. 16.

Athugasemd barst frá Sverri Kristjánssyni, Höfðagötu 9, dags. 22.07.2010.

Lagt er til að erindi verði samþykkt með fyrirvara á að björgunarop verði í samræmi við byggingarreglugerð og að björgunarop í íbúð (áður bílskúr) verði staðsett á suðausturhlið hússins. Eigendur hafa orðið við kröfum um lágmarksfjölda bílastæða á lóð.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Gámageymsla, staðsetning.

Lögð fram tillaga að staðsetningu á svæði fyrir geymslu á gámum dags. 18.10.10.

Nefndin tekur jákvætt í að staðsetja gámasvæði norður af Snoppu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Önnur mál.

Rætt var um umferðaspegla og hraðahindranir. Nefndin leggur til að gerð verði úttekt á umferðaröryggi í bænum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Varðandi 5. lið var tillögunni vísað til umsagnar til skipulags- og bygginganefndar. Bæjarráð hefur ekki afgreitt tillöguna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 8 fundargerð umhverfisnefndar, dags.20.10.2010 30. fundur).

Fundargerð framlögð

Liður 3 á svæði Ísl. Gámafélagsins í Grundarfirði er Nytjagámur. Nefndin óskar eftir að kannað verði hvort hægt sé að koma upp samskonar gámi hér.

Samþykkt að bæjarstjóra verði falið að kanna kostnað og möguleika að vera með nytjagám á gámasvæðinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 9 fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags, 08.11.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 3.11.2010.



Nefndin leggur til að a) Byggingin verði staðsett innan byggingarreits í deiliskipulagstillögu. b) Að húsið verði mjókkað um einn metra c) Að porti verði sleppt og þakhalli aukinn sem því nemur. d) Að GK verði 24,85 m, í stað 24,40 m. e) Að stærð bílskúrs verði ekki meiri en 25 m² sem er í samræmi við deiliskipulagstillögu.

Hinrik vék af fundi undir lið nr. 1.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Ægisgata 13, byggja opið vindskýli við inngang.

Hermann Guðmundsson sækir um að byggja opið vindskýli við inngang í þvottahús sbr. teikningu frá Sigurbjarti Loftssyni 1.11.2010.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Nesvegur 16, færa til gönguhurð.

Alex Páll Ólafsson, Elín Dóra Sveinbjörnsdóttir og S. Sturluson ehf sækja um dags. 27.10.2010, að færa gönguhurð á suðurhlið hússins, yfir á vestur hlið þess. Samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Víkurflöt 10, breyta hjalli í vinnuherbergi.

Gretar D. Pálsson Víkurflöt 10 sækir um að breyta hjalli í suðausturhorni bílskúrs í vinnuherbergi sbr., teikningar dags. 27.10.2010.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Gretar sat hjá.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá.

Liður 5 Skúlagata 4, ný hurð, sólpallur og aukin bílastæði.

Sævar Harðarson Skúlagötu 4 sækir um að gera hurð á suðurgafli hússins og byggja sólpall að lóðarmörkum Skúlagötu 6. Einnig að stækka bílastæði sbr. tillögur dags. 25.10. 2010.
Erindi samþykkt með fyrirvara á samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Hinrik situr hjá undir lið nr. 5.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Neskinn 7, endurnýjun á gluggum og klæða hús.

Agnar Jónassonar sækir um leyfi til að skipta um glugga í húsinu og klæða það að utan með timbur klæðningu, sbr. umsókn dags. 5.11.2010.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og HG

Varðandi 7. lið var tillögunni vísað til umsagnar til skipulags- og bygginganefndar. Bæjarráð hefur ekki afgreitt tillöguna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 11 fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags, 02.11.2010 (49. fundur).

Fundargerð framlögð

Liður 3 önnur mál Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri kom á fund kl:16:40 til að kynna tilboð, sem komið er í nýtt bjöllukerfi fyrir Dvalarheimilið, frá Icepharma. Þetta kerfi hefur verið talið það álitlegasta af hálfu fagfólks. Möguleiki er á að tengja þjónustuíbúðir inn á þetta kerfi og jafnvel íbúa úti í bæ seinna meir. Stjórn Dvalarheimilisins er ánægð með þetta tilboð og styður kaup á því.

Bæjarráð tekur jákvætt í kaup á nýju bjöllukerfi, en vísar málinu til fjárhagsáætlunavinnu fyrir árið 2011. Bæjarstjóra falið að skoða tilboðin.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 önnur mál, umræða hefur verið um að hækka þurfi verð á máltíðum sem seldar eru út frá Dvalarheimilinu. Verðið hefur haldist óbreytt í 4-5 ár. Ýmislegt rætt á fundinum í þessu sambandi m.a. hvernig hægt verði að haga málum á sem hagstæðastan hátt. Fundarmenn eru þó sammála um að hækkun sé nauðsynleg og miða skuli verð á máltíð við 600 kr.

Bæjarráð samþykkir að verð á máltíðum seldum frá Dvalarheimili verði 600 kr. frá og með 1. janúar 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Fundargerð samþykkt.

Til máls tók:LÁH

Liður 12 fundargerð húsnaðisnefndar, dags. 25.10.2010 (56. fundur).
Fundargerð framlögð.

Liður 4 úthlutun íbúða að Skúlagötu 9. Íbúð 2 hæð í m Ólafur I. Bergsteinsson hefur sagt upp íbúðinni. Umsókn Kristínar Önnu Oddsdóttur tekin til umræðu og samþykkt að úthluta henni íbúðinni á 2. hæð í miðju.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Gretar bendir á að þörf er á að kynna erindisbréf vel fyrir nefndinni.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

Liður 38 bréf Stígamóta, dags 01.11.2010 varðandi beiðni um fjárframlag.
Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 39 bréf héraðsráðs Snæfellinga, dags 03.11.2010, varðandi: aukaframlag vegna rekstrarvanda Héraðsnefndar Snæfellinga 2010.

Samþykkt að greiða aukaframlag vegna rekstrarvanda Héraðsnefndar 2010.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Samþykkt að greiða aukaframlag kr. 594.996.

Liður 40 bréf Tónlistarskólans á Akureyri, dags 30.09.10 varðandi: Umsókn nemanda frá Stykkishólmi til skólans og niðurgreiðsla kennslukostnaðar.

Erindinu hafnað. Samþykkt að fela bæjarstjóra að skoða málið nánar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,GDP og HG

Liður 41 tillaga Lárusar Á. Hannessonar og Berglindar Axelsdóttur dags,10.11.2010 varðandi: reglur um bíla og akstursstyrki.

Tillaga:

Leggjum til að mótaðar verði reglur fyrir Stykkishólmsbæ varðandi endurgjalds vegna aksturs og dagpeninga.



Greinargerð:

Við teljum rétt, ekki síst í ljósi fjárhagsstöðu bæjarfélagsins, að farið verði yfir allar greiðslur sem renna úr bæjarsjóði vegna akstursstyrkja og í framhaldi mótaðar reglur með hagræðingu og sparnað að leiðarljósi.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum GDP.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 42 bréf Inga Þórs Steinþórssonar fyrir hönd körfuknattsdeildar Snæfells, dags, 10.11.2010 varðandi: Umsókn um styrk til útgáfu DVD disks.
Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 43 tillaga Lárusar Á. Hannessonar og Berglindar Axelsdóttur, dags, 10.11.2010 varðandi: lóðina Skúlagötu 23.

Berglind Axelsdóttir vék af fundi og í hennar stað kom Elín G. Pálsdóttir.

Við undirrituð leggjum til að lóðin að Skúlagötu 23 verði ekki auglýst til úthlutunar heldur stefnt að því að lóðin verði tekin útaf skipulagi sem byggingarlóð.

Greinargerð: Við teljum að ekki eigi að loka því sjónarhorni sem er frá götu og yfir Maðkavíkina.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Tillaga Gretars að tillögunni verði vísað frá, en til vara að vísa henni til umsagnar í skipulags- og bygginganefnd.

Samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar í skipulags-og bygginganefnd.

Breytingartillaga við tillögu Lárusar Á. Hannessonar og Berglindar Axelsdóttur frá 10. 11. 2010 varðandi lóðina að Skúlagötu 23.



Leggjum til að lóðin að Skúlagötu 23 verði ekki auglýst til úthlutunar.
Lárus Ástmar Hannesson
Egill Egilsson
Helga Guðmundsdóttir
Elín Pálsdóttir

Tillaga Gretars að tillögunni verði vísað til umsagnar í skipulags- og bygginganefnd.

Tillaga Gretars felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Breytingatillaga samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Breytingartillaga við tillögu Lárusar Á. Hannessonar og Berglindar Axelsdóttur frá 10. 11. 2010 varðandi lóðina að Skúlagötu 23.
Leggjum til að lóðin að Skúlagötu 23 verði tekin útaf skipulagi sem byggingarlóð.

Greinargerð:

Einn helsti atvinnuvegur Stykkishólms er þjónusta við ferðamenn. Bæjarsjóður leggur til árlega stórar fjárhæðir til að efla þennan atvinnuveg með því að t.d. koma að rekstri safna, upplýsingarmiðstöðvar, standa vel við bakið á Eflingu og halda bænum hreinum og fallegum svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir ofangreint og margt fleira fellst aðdráttarafl bæjarins ekki síst í því landslagi og því umhverfi sem við bæjarbúar njótum á hverjum degi og ferðamenn þann tíma sem þeir dvelja í Hólminum. Stór hluti fegurðarinnar er það útsýni sem blasir við ekki síst þegar litið er útá sjó og Breiðafjörðurinn blasir við í allri sinni fegurð. Ekkert safn getur fært okkur þær myndir sem náttúran skapar okkur og er óráðlegt að loka á það útsýni með byggingum. Við teljum og höfum alltaf talið að halda eigi opnu sjónarhorninu frá efri hluta Skúlagötu og út á Maðkavíkina og vitnum því til stuðnings í fundargerð bæjarráðs frá 15. 02. 2007 en þáverandi bæjarfulltrúar L-listans þau Lárus Hannesson, Davíð Sveinsson og Helga Guðmundsdóttir lögðu til að byggingareiturinn Skúlagata 23 yrði tekinn út (byggingareitur B) en byggingareiturinn Skúlagata 25 héldi sér (byggingareitur A).

Það á því ekki að koma á óvart að bæjarfulltrúar L-listans séu trúir sinni stefnu og sannfæringu og leggi til að lóðin verði tekin út af skipulagi sem byggingalóð. sjá neðangreint.

Samanber Fundargerð bæjarráðs nr. 417, dags. 15.02.2007.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 417, dags. 15.2.2007.

1. Fundargerðir nefnda.

Liður 1.5. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 13.2.2007.

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 13. febrúar 2007 framlögð.

Liður 1 deiliskipulagstillaga við Borg í Stykkishólmsbæ. Tillaga var í auglýsingu til og með 8. janúar s.l. Nefndin leggur til að ekki verði byggingarréttur fyrir bílskúr á lóðum. Hinsvegar möguleiki á innbyggðum bílskúrum við báðar lóðir.

Allir á móti tillögu skipulags- og bygginganefndar.

Undirrituð eru með tillögu að reitur A haldi sér og reitur B falli út.



Lárus Á. Hannesson
Davíð Sveinsson
Helga Guðmundsdóttir

Lárus Ástmar Hannesson
Egill Egilsson
Helga Guðmundsdóttir
Elín Pálsdóttir

Tillaga Gretars að tillögunni verði vísað til umsagnar í skipulags- og bygginganefnd.

Tillaga samþykkt.

Til máls tóku: GDP,LÁH,GJÁ, ÍHS,HG og EE

Elín G. Pálsdóttir vék af fundi og Berglind Axelsdóttir kom aftur á fund.

Liður 44 tillaga Lárusar Á. Hannessonar og Berglindar Axelsdóttur, dags. 10.11.2010 varðandi:niðurgreiðslur vegna tónlistarnáms.

Við undirrituð leggjum til að skólanefnd Tónlistarskóla og skólastjóra Tónlistarskóla verði falið að koma með tillögur að reglum varðandi niðurgreiðslur vegna tónlistarnáms nemenda utan Stykkishólms.

Greinargerð: Mikilvægt er að móta reglur um niðurgreiðslur svo fólk viti að hverju það gengur varðandi greiðslur vegna tónlistarnáms utan sveitarfélagsins og tryggt sé að ekki verði um mismunun að ræða.

Viðbót við greinargerð:

Við teljum eðlilegt og rétt að skólanefnd Tónlistarskóla og skólastjóri Tónlistarskólans komi með tillögu til bæjarstjórnar. Nefndin og skólastjórinn eru þeir aðilar sem ásamt kennurum skólans best eru inní faglegu starfi skólans og rekstri hans.

Tillöguna mun svo bæjarstjórn hafa til hliðsjónar við gerð reglna um málið.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Greitar vill bóka að það er ábyrgð bæjarráðs að setja slíkar reglur í samráði við þá sem best til þess þekkja. Málið snýst ekki um setningu slíkra reglna, enda það áður verið samþykkt. Heldur um aðferðina.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Liður 46 tillaga bærarstjóra um gjaldskrá, dags, 09.11.2010.

Bærarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2011 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 13.28%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2011.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,45% var áður 0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%

Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	2,00%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%

Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,24% var áður 0,22%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,26% var áður 0,22%

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. íbúð 35.850 kr. var áður 33.200 kr. (miðað við byggingavísitölu 505,8 nóvember 2010.)

Sorphirðu og/eða sorpeyðingargjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur og er hámarksafsláttur kr. 59.800.- var áður 56.400 kr.

Afsláttur vegna einstaklinga:

Tekjumörk:	Afsláttur:
Milli 0 til 2.177.561	100%
2.177.562. til 2.392.683	75%
2.392.684. til 2.626.463	50%
2.626.464. til 2.848.170	25%
2.848.170. og hærra	0%

Afsláttur vegna hjóna:

Tekjumörk:	Afsláttur:
------------	------------



Milli 0 til 3.679.024	100%
3.679.024. til 3.897.439	75%
3.897.440 til 4.129.024	50%
4.129.025. til 4.340.854	25%
4.340.854. og hærra	0%

Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2011.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Bæjarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.

Til máls tóku:GS og GDP

Liður 47 bréf bæjarráðs, dags, 10.11.2010 varðandi: þakkir til þeirra er komu að Norðurljósahátíðinni.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þakkar öllum þeim sem með ósérhlífni og dugnaði stuðluðu að því að menningarhátíð Hólmara, Norðurljósinn varð jafn ánægjuleg og raun bar vitni.

Til máls tóku:ÍHS og LÁH

Liður 48 afstaða bæjarráðs, dags,10.11.2010 varðandi ákvörðun sjávarútvegsráðherra um aukningu byggðakvóta.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fagnar ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jóns Bjarnasonar að auka hámark þess byggðakvóta sem úthlutað er samkvæmt punktakerfinu eða A-hluta.

Við bendum jafnframt á að á fundi sem haldinn var í Stykkishólmi síðastliðið vor með ráðherra, starfsmönnum sjávarútvegsráðuneytisins, útgerðaraðilum í Stykkishólmi og bæjarfulltrúum mótmæltum við lækkingu á hámarki byggðakvóta sem úthlutað er samkvæmt B-hluta úr 210 tonnum í 150 tonn. Skýringarnar sem við fengum voru að gæta yrði jafnræðis á milli A-hluta og B-hluta en hámark í A-hluta var þá í 150 tonnum.

Nú hefur hámark A-hluta verið hækkað í 300 tonn en hámark B-hlutans er enn 150 tonn.



Við beinum þeirri áskorun til Jóns Bjarnasonar ráðherra að gæta jafnræðisreglunnar áfram og hækka hámark B-hluta einnig í 300 tonn.

Til máls tóku:GDP og GS

Liður 49 tillaga bæjarráðs Stykkishólmsbæjar, dags,10.11.2010 Efni: Tillaga að áskorun til sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra.

Tillaga að áskorun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

„Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auka við aflaheimildir.

Staða margra sveitarfélaga og hafnarsjóða er slæm og með boðuðum niðurskurði á fjárlögum s.s. aukaframlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og niðurfellingu á endurgreiðslu vegna tryggingagjalds, munu erfiðleikar þeirra aukast til muna.

Aukin úthlutun á aflaheimildum er kjörin leið til að auka tekjur þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína að miklu leyti á veiðum og vinnslu sjávarafla.

Hægt er að auka aflaheimildir í mörgum tegundum án þess að gengið sé á fiskistofna til dæmis með breytingu á aflareglu. Viljum við benda á að samkvæmt mati Hafrannsóknarstofnunar mun breyting á 25% í stað 20% aflareglu sem er í dag ekki setja þorskstofninn í hættu heldur mun það eingöngu hægja á uppbyggingu stofnsins. Með því að breyta aflareglu úr 20% í 25% myndi veiði á þorski aukast um 40 þúsund tonn á árinu.

Með slíkri breytingu á aflareglu er tekin skynsamleg ákvörðun í ljósi efnahagsástands og atvinnamála. Slík ráðstöfun hlýtur að vera réttlætanleg til að efla byggðir landsins og skjóta traustari fótum undir atvinnu ásamt því að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Breyting á aflareglu er á valdi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í ljósi þeirra jákvæðu áhrifa sem auknar aflaheimildir hafa á samfélög eins og Stykkishólm, skorar bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar á Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum aflaheimildum sem fyrst."

Til máls tóku:GS og IHS

Liður 50 bréf frá 4. bekk í Grunnskóla Stykkishólms v/leiktækja.

Nemendum 4. bekkjar er þakkað fyrir góðar ábendingar varðandi leiktæki. Samþykkt að vísa bréfinu til fræðslunefndar.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 51 beiðni frá körfuknattleiksdeild Snæfells um leyfi fyrir tónleika Páls Óskars 30. desember 2010 í Íþróttamiðstöð Stykkishólms.

Beiðni samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH

Liður 52 tillaga frá Gretari D. Pálssyni varðandi skrá yfir samþykktir frá bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundum.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að taka saman og halda skrá yfir samþykktir frá bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundum og stöðu þeirra verkefna hverju sinni. Skráin skal lögð fram til birtingar á bæjarráðsfundum.

Gretar D. Pálsson

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 54 breyting á erindisbréfi fræðslunefndar.

Samþykktar breytingar á erindisbréfi fræðslunefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 467 dags. 23.11.2010.

Fundargerð framlögð.

Liður 2 Tillaga bæjarráðs.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar leggur til að skuldabréf Fráveitu Stykkishólms gagnvart aðalsjóði verði fært niður í verðmæti um 150 milljónir. Úr 300.701.000 kr. í 150.701.000 kr. á árinu 2010 í gegnum eigið fé.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:GDP og LÁH

Fundargerð samþykkt.



2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. **Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 05.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.2. **Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra, dags. 07.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.3. **Fundargerð safna og menningarmálanefndar, dags. 11.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. **Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 12.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 13.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6. **Fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags. 18.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.7. **Fundargerð ungmennaráðs, dags. 20.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.8. **Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 20.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.9. **Fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags. 08.11.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.10. **Fundargerð æskulýðs-og íþróttanefndar dags. 08.11.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.11. **Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 02.11.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.12. **Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 25.10.2010.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Fjármál.

- 3.1 **Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011-fyrri umræða.**
Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 og svaraði spurningum.
Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 til seinni umræðu.

Til máls tóku:GS,GDP og LÁH

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:40
Þór Örn Jónsson**